
EFTIRLÝST LIST

Björn Birnir & Septem


Það var hógværlega staðið að sýningu Björns Birnis að Kjarvalsstöðum, svo mjög að hún var nærri farin framhjá undirrituðum sem auk þess þurfti að láta glepjast af ýmsu öðru. Ekki sá ég fyrri einkasýningu Björns í Norræna húsinu árið 1977 og get því ekki rakið aðdragandann að þeim verkum sem hann nú sýnir. Ljóst þykir mér þó að talsverður umþóttunartími og sviti liggi að baki þeim lausnum sem Björn Birnir hefur fundið sér þessi ár sem hann dvaldi í Bandaríkjunum. Útgangspunktur hans er að mestu landslag og ásetningur hans sá að sveigja það til hlýðni við þær hugmyndir sem hann hafði gert sér um myndgerð. Þær hugmyndir virðast m.a. hafa gengið út á hreinlega myndbyggingu, tæra, næstum gegnsæja fleti og varfærnislega ummyndun hins hlutlæga heims — eða þannig virðast þær hafa þróast í Indiana.

Að stilla af landslagið

Sýning hans bar um margt svip skipulegra æfinga: myndbygging var treyst með rammgerðri geómetríu, en lífræn innslög örvuð með því að líma klippimyndir á strigann og leggja út af þeim. Geómetríska uppbyggingin tekur síðan á sig mynd amerískrar iðnvæðingar, — strompar, pípur, stálþil og stimplar koma í ljós. Merkilegt nokk fannst mér gæta áhrifa frá Amerikönum eins og Demuth í þeim myndum. En slík harka er Birni Birnis augljóslega ekki eðlislæg, enda snýst geómetrían upp í lauslega samtengda, mjúka fleti sem notaðir eru til að stilla af landslag, hús, bíla á ferð o.s.frv., opna rými eða loka því snögglega. Þar nýtur Björn menntunar sinnar í skreytilist og skiltagerð. Samt er ekki laust við að sumar myndir hans verði stífar og „skematískar" fyrir þá menntun. Sömuleiðis er einstaka mynd ofunnin og þreytuleg. En sé á heildina litið kemur Björn Birnir hér fram sem eftirtektarverður listmálari og til alls líklegur í náinni framtíð.



Teikning eftir Björn Birnir.



Við upphengingu á Septem '80.

Myndlist



AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Lýst eftir skoðunum

En hverjar eru svo framtíðarhorfur Septem hópsins sem nú sýnir rétt einu sinni í austursal Kjarvalsstaða?

Það er eins og maðurinn sagði: Það er ávallt erfitt að spá, einkanlega um framtíðina. Sjálfur er ég í þeirri erfiðu aðstöðu að hafa a.m.k. sex sinnum ritað um sýningar hópsins og þar sem afar litlar breytingar hafa orðið á myndverkum þeirra flestra öll þessi ár er ég að verða uppiskroppa með skoðanir á þeim. Lýsi ég hér með eftir einhverjum þeim sem vill láta í ljós skoðanir á þessari Septem sýningu á þessum vettvangi.

- AI

DAGBLAÐIÐ ER SMÁAUGLÝSINGABLAÐIÐ SÍMI 27022 ÞVERHOLTI 11

Til sölu

Brúðarkjólaleiga
til sölu, hentugt fyrir heimavinnandi. Uppl. hjá auglþj. DB í síma 27022 eftir kl. 13.
H—658

Til sölu eldhúsborð
og 4 bakstólar, tvíbreiður fataskápur, 3 raðstólar og eitt hornborð og barnarimlarúm. Uppl. í síma 53434.

Saumastofan.
Til sölu lítil saumastofa, ágæt sniðaðstaða. Öll verkfræi. Verð ca 2,5 millj. Uppl. hjá auglþj. DB í síma 27022 eftir kl. 13.
H—853

Vinnuskúr til sölu,
járnklæddur, með gólfi. Uppl. í síma 74486 milli kl. 6 og 8.

Til sölu heildarútgáfa
af verkum Davíðs Stefánssonar, 7 bindi. Uppl. í síma 83727.

Köfunarútbúnaður.
Kútar, lungu og búningur og margt fleira til sölu. Sími 25125.

Til sölu mjög fallegar
12 lengjur af gardínuefni. Grænt flauel. Uppl. í síma 20437 frá kl. 6 til 8.

Til völu fallegur og vandaður
kvenfatnaður í stærð ca 38—40, m.a. pils, peysur, kjólar, vesti, kápur og baðsloppur. Þetta er bæði lítið og ónotaður fatnaður sem selst mjög ódýrt. Uppl. í sima 38346.

Til sölu hjónarúm
úr tekki. Uppl. í síma 92-3940 eftir kl. 4.

Til sölu ísskápur.
Til sölu vel með farinn tvískiptur ísskápur. Stærð 151 × 55 1/2. Uppl. í síma 53508.

Flugvél til sölu.
Til sölu er einn sjöundi hluti í flugvélinni TF-FRÍ, sem er Cessna Skyhawk 172, árg. 1975. Uppl. í síma 73291 eftir kl. 7 á kvöldin.

Tekk klæðaskápur,
þrísettur, á 270 þús., sófasett á 250 þús., frystiskápur á 240 þús., eins- og tveggja manna svefnsófi, Rowenta grill 40 þús., kaffikanna 40 þús., tvö straujárn. Uppl. í síma 85439.

Arinofn.
Nýr ónotaður norskur emeleraður steypujárnsarinofn til sölu. Sími 41453.

Nýtt gróðurhús
til sölu. Uppl. í síma 29812 á kvöldin.

Þjónusta Þjónusta Þjónusta

Viðtækjaþjónusta



Sjónvarpsviðgerðir
Heima eða á verkstæði.
Allar tegundir.
3ja mánaða ábyrgð.
Skjárinn, Bergstaðastræti 38.
Dag-, kvöld- og helgarsími 21940.

Sjónvarpsloftnet.
Loftnetsviðgerðir.
Skipaloftnet,
íslenzk framleiðsla.
Uppsetningar á sjónvarps- og útvarpsloftnetum.
WISI
ÚTVARPSVIRKJAMEISTARI
ÖII vinna unnin af fagmönnum.
Árs ábyrgð á efni og vinnu.
SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN HF.,
Síðumúla 2, 105 Reykjavík.
Símar: 91-39090 verzlun — 91-39091 verkstæði.

Jarðvinna-vélaleiga

Véla- og tækjaleiga Ragnars Guðjónssonar, Skemmuvegi 34, símar 77620, heimasími 44508

Loftpressur	Slípirokkar	Beltavélar
Hrærivélar	Stingsagir	Hjólsagir
Hitablásarar	Heftibyssur	Steinskurðarvél
Vatnsdælur	Höggborvélar	Múrhamrar

Traktorsgrafa til leigu
Traktorsgrafa til leigu í stærri sem minni verk. Auðbert Högnason, sími 44752 og 42167.

Kjarnaborun!
Tökum úr steyptum veggjum fyrir hurðir, glugga, loftræstingu og ýmiss konar lagnir. 2", 3", 4", 5", 6", 7" borar. Hljóðlátt og ryklaust. Fjarlægum múrbrotið, önnumst ísetningar hurða og glugga ef óskað er, hvar sem er á landinu. Skjót og góð þjónusta.
KJARNBORUN SF.
Símar: 28204 — 33882.

Kjarnaborun
Borun fyrir gluggum, hurðum og pípulögnum 2"—3"—4"
Njáll Harðarson, vélaleiga
Sími 77770

LOFTPRESSU-LEIGA
TEK AÐ MÉR MÚRBROT, FLEYGANIR OG BORANIR. MARGRA ÁRA REYNSLA.
Vélaleiga HÞF. Sími 52422.

Traktorsgrafa til leigu
Traktorsgrafa til leigu í stærri sem minni verk. Sími 72540.